

Nd.

123. Frumvarp til laga

[103. mál]

um breytingu á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, og lögum nr. 47 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 1. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi: Ef riðuveiki eða kylapest valda eða eru taldar líklegar til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur ráðherra ákveðið að fyrirmæli laga þessara nái einnig til þeirra eftir því sem við á s. s. fyrirskipun um niðurskurð og bætur (uppeldisstyrkur).

2. gr.

Fyrsti málsliður 35. gr. orðist svo:

Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt og getur sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipað algera innistöðu þeirra um lengri eða skemmri tíma, ef hún telur þörf á.

3. gr.

4. málsgrein 37. gr. orðist svo:

Þeir, sem eru hættir búskap eða sauðfjáreign þegar niðurskurður fer fram, eða eru fluttir burt af fjárskiptasvæðinu, fá ekki bætur. Öðrum, sem eru að hætta búskap eða sauðfjáreign á þeim tíma, sem fjárskipti standa yfir, eða breyta til um atvinnu, skal ekki greiða fullar bætur, heldur í hlutfalli við það tjón, sem ætla má að þeir hafi orðið fyrir við niðurskurðinn. Skal sauðfjársjúkdómanefnd meta slíkar bætur.

4. gr.

38. gr. (4. gr. laga nr. 47/1950) orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða fjáreigendum afurðatjónsbætur, sem svarar $\frac{3}{4}$ lambsverðs á bótaskylda kind. Skal Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveða það, með hliðsjón af meðal vænleik lamba tvö undanfarin ár á hverju fjárskiptasvæði og því verðlagi á landbúnaðarafurðum, sem fjáreigendur fá það haust, sem bætur eru greiddar. Fyrstu bætur skal greiða ári eftir niðurskurð.

Kostnað við flutning líflamba á langleiðum inn á fjárskiptasvæði og yfirumsjón sauðfjársjúkdómanefndar greiðir ríkissjóður.

Kostnað við fjárkaup og innan sveitar flutning á fé á fjárkaupasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárskiptasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Fjáreigendur skulu eiga kost á að fá keypt líflömb, er nemur 80% af bótaskyldri fjártölu. Skal ef unnt er útvega þau á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt inn á fjárskiptasvæði. Ef ekki fæst sú lambatala skal útvega það, sem til vantar á næsta hausti ef fjáreigendur óska.

Takist ekki á fyrsta hausti, sem lömb eru flutt, að útvega 80% móti bótaskyldri fjártölu, en bændur óski að fá svo mörg lömb, ber ríkissjóði að greiða afurðatjónsbætur, $\frac{3}{4}$ lambsverðs á kind á þá tölu, sem til vantar. Skal greiða þær bætur tveim árum eftir að lömb eru fyrst flutt inn á svæðið.

Framlag ríkissjóðs skal á hverjum tíma vera til tryggingar greiðslu á andvirði seldra líflamba.

Stjórnnum fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fánlegt.

5. gr.

39. gr. (5. gr. laga nr. 47/1950) orðist svo:

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum vegna afurðatjóns $\frac{3}{4}$ lambsverðs fyrir hverja bótaskylda kind, eða styrkja þá til að breyta til um búskaparhætti er veiti þeim eigi minn bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar. Þessar bætur skal greiða tveim árum eftir niðurskurð. Að öðru leyti skal framlagið greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

6. gr.

42. gr. (7. gr. laga nr. 47/1950) orðst svo:

Nú telur sauðfjársjúkdómanefnd nauðsynlegt að útrýma sauðfjársjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, og skal hún þá senda landbúnaðarráðherra rökstuddar tillögur þar um. Getur ráðherra þá fyrirskipað niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla um fjárskipti hefur farið fram á svæðinu eða ekki. Bætur skal greiða fjáreigendum samkvæmt ákvæðum þessara laga. Verði krafizt mats vegna niðurskurðarins, eftir gildandi lögum um eignarnám, er matsmönnum skylt að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tilefni af endurteknum fjárskiptum, sem nú verða að fara fram í Dalasýslu, þykir ástæða til að gera tillögur um breytingar á lögum um fjárskipti, einkum til samræmis við þær bótageiðslur, sem sauðfjársjúkdómanefnd lagði til að þar giltu og ríkisstjórnin hefur nú fyrir sitt leyti fallizt á.

Eru allar breytingartillögurnar af þeim toga spunnar, nema sú fyrsta, það er á 1. grein laganna, en þar er lagt til að ráðherra hafi heimild til að láta ákvæði laganna ná til riðuveiki og kylapestar í sauðfé. Riðuveiki og jafnvel kylapest hafa á sumum stöðum gert bændum stórtjón, en auk þess eru þær oft mjög smitandi og geta breiðst út. Má fullyrða að nauðsynlegt sé að ráðherra hefði heimild til að láta framkvæma niðurskurð á einstökum bæjum gegn uppeldisstyrk, eða einhvers konar aðstoð, til þess að draga úr útbreiðsluhættu, en jafnframt styrkja þá, er verða fyrir tjóni af völdum þessara sjúkdóma.

Aðrar breytingar, sem gert er ráð fyrir, eru bornar fram í tilefni af fjárskiptum í Dalasýslu, en er að sjálfsögðu ætlað að gilda áfram ef víðar þarf að grípa til niðurskurðar vegna þurramæði.

Er ætlast til að inn í 35. gr. verði bætt ákvæðum um að sauðfjársjúkdómanefnd geti fyrir skipað að lömb verði höfð í húsi og alls ekki látin út um tíma, ef ástæða þykir til. Yrði það gert til öryggis ef ekki væri vissa fyrir, að tekizt hefði að fullu, að útrýma gamla fjárstofninum af fjárskiptasvæðinu.

Þá er gert ráð fyrir breytingum á 4. málsgrein 37. gr., þannig að sauðfjársjúkdómanefnd fái heimild til að meta bætur í einstökum tilfellum. Reynslan hefur sýnt að óheppilegt er að menn séu aðgreindir að fullu þannig að einn fái fullar bætur en annar engar. Oft getur staðið þannig á að full sanngirni sé í því, að greiða nokkurn hluta bótanna eftir því, hvernig á stendur fyrir mönnum, þegar fjárskipti fara fram. Líkur eru til að heldur en hitt mætti spara útgjöld í bótum, ef ákvæði þetta yrði að lögum.

Er þá komið að aðalbreytingunum, sem er á 38. gr.

Breytingar frá núverandi lögum eru fölgjar í hækkun bóta úr $\frac{1}{2}$ lambsverði í $\frac{3}{4}$ lambsverðs á bótaskylda kind. Einnig að bætur séu miðaðar við verðlag afurða það ár, sem þær eru greiddar, en ekki meðaltalsverðlag tveggja næst liðinna ára,

eins og nú er í lögnum. Þessi breyting er eðlileg og getur haft verulega þýðingu, þegar verðbreytingar eiga sér stað, eins og nú er algengt. Enn fremur er lagt til, að skylda til útvegunar líflamba verði færð úr 70% í 80% móti bótaskyldri fjárlötu, og að aukabætur verði greiddar, ef ekki tekst að fá svo mörg lömb á fyrsta ári. Í núverandi lögum er gert ráð fyrir aukabótum, ef ekki fást 50% lamba á fyrsta ári, sem lömb eru flutt. Eru þessar breytingar allar (á 38. gr.) í fyllsta samræmi við tillögur sauðfjársjúkdómanefndar til landbúnaðarráðuneytisiss í bréfi dags. 12. þ. m.

Þá verður að breyta 39. gr. til samræmis við breyting á 38. gr. um að í stað $\frac{1}{2}$ lambsverðs komi $\frac{3}{4}$ lambsverðs á bótaskylda kind, vegna sauðleysis.

Að lokum er lagt til að 42. gr. (41. gr. laga nr. 44/1947) verði breytt á þá leið, að landbúnaðarráðherra hafi heimild til, ef nauðsyn krefur, að fyrirskipa niðurskurð, hvort sem atkvæðagreiðsla um fjárskipti hafa farið fram á svæðinu eða ekki. Þannig getur staðið á, að svo skyndilega verði að grípa til aðgerða í þessu efni, að tími til atkvæðagreiðslu, með þeim undirbúningi, sem fylgir, sé ekki fyrir hendi eða tefji ákvarðanir og framkvæmdir um of. Telja má að svo hafi staðið á nú í haust, þegar veikin kom upp á mörgum bæjum samtímis í Dalasýslu, en sláturtíð þegar byrjuð, og varð ekki komizt hjá að ákveða þegar í stað, hvað gert yrði, svo nauðsynlegar framkvæmdir gætu hafizt. Auk þess virðist einungis til að auka fyrirhöfn og jafnvel óánægju að láta fara fram atkvæðagreiðslu, þegar víst má telja að tilskilinn meiri hluti náist ekki um ákvörðun fjárskipta á hlutaðeigandi svæði. Líklegt er, að ef mæðiveiki kemur upp á fleiri stöðum og nauðsyn ber til að endurtaka fjárskipti, að fyrirskipa þurfi slíkar aðgerðir, sökum þess að fjáreigendur eru yfirleitt mótfallnir fjárskiptum, þangað til veikin er farin að gera alvarlegt tjón. Yrði í flestum eða öllum tilfellum of langt að biða eftir eindregnum vilja heiman að. Má því búast vð, að ef í endurtekin fjárskipti þarf að ráðast, verði fremur regla en undantekning að þau verði að fara fram eftir fyrirskipun yfirvalda.